



UST

Umhverfisstofnun

Seltjarnarnesbær
Lúðvík Hjalti Jónsson,
framkvæmdastjóri
Austurströnd 2
170 Seltjarnarnes

511
9/12 2005
2003080006

Reykjavík, 1. desember 2005
Tilvísun: UST20051000093/sf

Tillaga að aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024

Visað er til erindis Seltjarnarnesbæjar, dags. 18. október sl., þar sem óskað er eftir athugasemdum við drög að aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024.

Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Náttúruverndarsvæði

Umhverfisstofnun telur að í umfjöllun um náttúruverndarsvæði í greinargerð með aðalskipulaginu sé rétt að fram komi að leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig komi fram að leita skuli umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Í umfjöllun um um Valhúsahæð á bls. 12 í greinargerð segir m.a.:

„Stefnt er að því að aðrir hlutar hæðarinnar utan sérstaks svæðis fyrir íþróttir og fjölbreytta útvist verði áfram á Náttúruminjaskrá þar sem lögd er áhersla á fjölbreytileika gróðurs og náttúrufars.“

Umhverfisstofnun telur óljóst hvað átt er við með framangreindu orðalagi, þ.e. að stefnt sé að því að aðrir hlutar Valhúsahæðar verði áfram á náttúruminjaskrá og þá jafnframt hvort hér sé vísað til þess svæðis sem er friðlýst. Umhverfisstofnun bendir á að náttúruminjaskrá þar sem fram koma upplýsingar um náttúruminjar, þ.m.t. náttúruverndarsvæði, er gefin út af umhverfisráðherra og eru allar breytingar á skránni því háðar samþykki hans.

Í umfjöllun um svæðið Seltjarnarnes og Suðurnes á bls. 12 í greinargerð aðalskipulagsins væri rétt að skýrt kæmi fram að um er að ræða svæði sem er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar.

Umhverfisstofnun bendir á að í texta á bls. 36 í greinargerð aðalskipulagsins (Stefna aðalskipulagsins um verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar) stendur „náttúruverndarskrá“ í stað „náttúruminjaskrá“.

Verndun vatns og fráveita

Í greinargerð með aðalskipulaginu og í forsenduskýrslu er vitnað til gr. 4.21.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir: „*Undir þennan flokk falla svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar og reglugerðar um nevsluvatn vegna grunnvatns og varna gegn sjávarmengun og vatnsmengun.*”

Umhverfisstofnun bendir á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er því umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki að fullu í samræmi við núgildandi reglugerðir. Í stað einnar mengunarvarnareglugerðar hafa tekið gildi nokkrar reglugerðir sem varða tiltekna þætti mengunarvarna og hefur sú flokkun strandsvæða og vatnasvæða sem tilgreind er í skipulagsreglugerð tekið breytingum. Lagfæra þarf texta greinargerðar og viðauka með henni m.t.t. þessa, t.d. texta á bls. 36 (Viðauki I- Umhverfismat).

Í kafla 3.5 í greinargerð með aðalskipulagstillögunni *Verndarsvæði vegna strandmengunar* er sett fram það stefnumarkmið að strandlengja bæjarins skuli vera í flokki A fyrir verndarsvæði vegna strandmengunar. Þá er í umfjöllun um mengun í forsenduskýrslu (viðauki II með greinargerð) vísað til ákvæða um flokkun vatns í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Í skýrslunni segir að á Seltjarnarnesi eigi þessi ákvæði fyrst og fremst við um strandsjó. Þar segir einnig að ekki sé tilgreint í reglugerðinni að flokka skuli tjarnir og móta stefnu um verndun þeirra. Þrjár tjarnir séu á Seltjarnarnesi, Bakkatjörn, Daltjörn og Búdatjörn.

Samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn, í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðarinnar og skulu á skipulagsuppdrætti aðalskipulags koma fram langtímamarkmið. Samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar skal flokkun vatns miða við flokka A-E, en samkvæmt gr. 8.1 skulu langtímamarkmið miða við flokka A og B. Umhverfisstofnun vekur athygli á að í greinargerð vantar upplýsingar um ástand strandlengjunnar nú í dag og hvernig nálgast eigi það markmið að strandlengjan flokkist í flokk A, þar sem það markmið er ekki þegar uppfyllt. Stofnunin vekur einnig athygli á að þær tjarnir sem tilgreindar eru í forsenduskýrslu falla undir ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns, enda er yfirborðsvatn skilgreint sem *kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór*, sbr. 3. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun hvetur til þess að sett verði fram **tímasett markmið** varðandi kortlagningu á ástandi og það hvernig markmið um flokkun verði tryggt.

Fráveita

Í umfjöllun um fráveitu kemur fram að stefnt sé að því að byggja skolpdælustöð við Tjarnarstig og muni tilkoma hennar uppfylla það markmið að öllu skolpfrárennsli að frátöldu yfirrennsli í úrkomutoppum verði dælt til hreinsistöðvarinnar við Ánanaust. Í forsenduskýrslu kemur fram að auk frárennsliskerfis Seltjarnarnesbæjar séu rotþrær í Gróttu og Sudurnesi. Umhverfisstofnun bendir á að skoða þarf áhrif yfirrennslis á markmið um flokkun viðtaka.

Matsskyldar framkvæmdir

Í kafla 9.7 *Matsskyldar framkvæmdir* í greinargerðinni kemur fram að fyrir liggi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framkvæmdir við sjóvarnargarða skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. Vísað er til þess að í ákvörðun stofnunarinnar komi fram að til að koma í veg fyrir skemmdir á menningarminjum vegna framkvæmdanna sé nauðsynlegt að hafa samráð við Fornleifavernd ríkisins áður en framkvæmdir hefjast við Lambastaðagrandu og

Tjarnarstíg.


Umhverfisstofnun vekur athygli á að í ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 22. júlí 2004 um endurbætur á sjóvarnargörðum á Suðurnesi kemur fram að mikilvægt er að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um upphaf framkvæmdatíma. Jafnframt telur Skipulagsstofnun æskilegt að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um endanlegt umfang og staðsetningu fyllinga á svæðum A og B. Svæði A og B eru í hópi auðugustu fuglasvæða á Seltjarnarnesi auk þess sem við svæði A, B og C eru merkar setlagamyndanir, sem mikilvægt er að ekki verði raskað frekar en orðið er.


Úrgangur

Í greinargerð kemur fram að engin sorpurðun fari fram á Seltjarnarnesi og að ekki sé gert ráð fyrir að sorpi verði fargað á landi sem tilheyrir Seltjarnarnesi. Einnig kemur fram að stefnt sé að því að draga eflir fremsta megni úr magni sorps til urðunar og muni sveitarfélagið leita leiða til að hvetja til aukinnar flokkunar sorps ásamt aukinni endurnýtingu og endurvinnslu.

Umhverfisstofnun bendir á að komin er út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð sem átti að vera lokið fyrir 1. apríl 2005. Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í greinargerð hver staðan er í gerð þeirrar áætlunar.

Virðingarfyllt


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgr Jensson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.